

## **Nr. 22-030 S 023 Akurey AK 10 - Andrea**

### **Varhugaverð sigling**

Skipaskr.nr. 2890  
IMO: 9756327  
Utgerð: Brim hf  
Smíðaður: Tyrkland 2016, stál  
Stærð: 1827,4 BT  
Mesta lengd: 54,75 m Skráð lengd: 51,77 m  
Breidd: 13,5 m Dýpt: 8,2 m  
Vél: M.A.N 1795 kW, 2015  
Fjöldi skipverja: 15



Akurey©Hilmar Snorrason

Skipaskr.nr. 2787  
IMO: 7222231  
Utgerð: Special Tours ehf.  
Smíðaður: Tyrkland 2016, stál  
Stærð: 298,76 BT  
Mesta lengd: 36,43m Skráð lengd:  
29,93m  
Breidd: 7,50 m Dýpt: 2,80 m  
Vél: VOLVO PENTA 398 kW, 1972  
Fjöldi skipverja: 4 (sjá farþegaleyfi)



Andrea©Hilmar Snorrason

#### **Gögn:**

Gögn RNSA  
Gögn Faxaflóahafnir  
Gögn LHG

*Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

#### **Atvikalýsing:**

Þann 8. apríl 2022 var Akurey AK að fara frá bryggju og á siglingu úr Reykjavíkurböfn. Yfirstýrimaður skipsins var við stjórn þess en skipstjórinn var að þjálfa hann í að taka skipið út úr höfninni. Skoðunarskipið Andrea var á sama tíma á siglingu inn til Reykjavíkurhafnar og var komin inn fyrir hafnargarðana þegar skipin mættust. Andrea fór fram fyrir stefni Akureyjar og sneri stjórnborðshlið að Akurey. Talið var að árekstrarhætta hefði skapast.

#### **Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Andrea átti stutt eftir í innsiglingu Reykjavíkurhafnar og tók ekki eftir því að Akurey var á útleið, að sögn hafði skipstjórinn blindast af sól.
- Skipstjóri Akureyjar kallaði á skipstjóra Andreu á rás 16 en Andrea var ekki með hlustun á rás 16.
- Akurey náði sambandi við Andreu á rás 12 og bað hann um að hinkra á meðan Akurey sigldi út.
- Skipstjóri Andreu hafnaði þeirri beiðni og óskaði eftir að fá að fara fram fyrir Akurey með stjórnborðshlið að skipinu.
- Skipstjóri Akureyjar bauðst til að beygja skipinu í stjórnborða svo að skipin myndu mætast rétt.
- Skipstjóri Andreu sá sér ekki fært að haga siglingunni með þessum hætti þar sem hann taldi að Akurey væri frekar þvert fyrir innsiglingunni og fór því fram fyrir Akurey.
- Akurey, sem sigldi hæga ferð, setti vélarnar á fulla ferð aftur á bak (Mynd 1).
- Bilið á milli skipanna var talið vera 10-15 metra þegar Andrea fór fyrir stefni Akureyjar (Mynd 2).



Mynd 1 Akurey rauður ferill, Andrea blár ferill



Mynd 2 skipin mætast í innsiglingu

### Nefndarálit:

Nefndin telur að með hliðsjón af aðstæðum hefði Andrea átt að draga úr ferð og hleypa Akurey út fyrir hafnargarða áður en Andrea kom á milli hafnargarða.